

Lífeðlisfræðileg sálfræði

E-315-LISA



Ár: 2. ár.

Önn: Vorönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (kjarnanámskeið).

Undanfarar: E-112-LIAT.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Brynja Björk Magnúsdóttir.

Lýsing: Í námskeiðinu er farið í taugafræðilegan grunn hreyfingar (hreyfistjórnunar), meðvitundar, náms og minnis, lyfja og hegðunar, svo og hegðunarröskunar (s.s. geðklofa/geðrofs). Í námskeiðinu verða nýjustu rannsóknnum og kenningum á sviði taugalíffærafræði og lífeðlisfræði, og einnig innkirtlafræði gerð skil. Sömuleiðis verða þróunarkenningar kynntar og skoðaðar.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Lýst og skrifað um taugafræðileg ferli sem liggja að baki hreyfistjórnun, geðshræringum, tjáskiptum, fæðuinntöku, og hinum ýmsu tauga- og geðröskunum.
- Borið saman ólíkar tauga- og geðraskanir með tilliti til ólíkra taugafræðilegra ferla.

Leikni

- Fjallað um og sýnt fram á skilning á taugalíffræðilegum ferlum hegðunar, tauga- og geðraskana.
- Tengt efni námskeiðs við daglega hegðun og sjúkdómstilfelli.

Hæfni

- Metið og túlkað rannsóknir á sviði lífeðlisfræðilegrar sálfræði.
- Sett fram efni á sviðinu á skýran og greinargóðan hátt.

Námsmat: Verkefni og lokapróf.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.